

Ed. 132. Frumvarp til laga [68. mál]

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar í fyrstu notkun á árunum 1960, 1961 og 1962. Enn fremur skal heimildin gilda um farþega og vöruflutningaflugvélar, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1960—1962. Öll önnur ákvæði framangreindra laga gilda einnig um þessar eignir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 90 frá 1957 um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946 um sérstakar fyrningarafskriftir taka aðeins til tækja, sem tekin voru í notkun á árinu 1959 eða fyrr. Tæki þessi eru fiskiskip og önnur veiðiskip, flutningaskip, sildarverksmiðjur, dráttarbrautir og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir, svo og flugvélar til farþega- og vöruflutninga.

Tæki þessi má skv. gildandi lögum afskrifa um 20% á ári í 3 ár frá því, er þau voru tekin í notkun.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að ákvæði áðurgreindra laga verði látin gilda fyrir árin 1960, 1961 og 1962.